

Borgarráð 24. febrúar 2022: Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins varðandi búningsklefa kvenna í Sundhöll Reykjavíkur MSS22020255

Borgarráð 24. febrúar 2022: Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins varðandi búningsklefa kvenna í Sundhöll Reykjavíkur MSS22020255

Lagt er til að borgarráð samþykki að fela Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkurborgar að beita sér fyrir því að konur fái aftur gamla búningsklefann sinn og aðstöðu nú þegar endurgerð hans er að fullu lokið. Eftir endurgerð Sundhallarinnar hafa konur ekki fengið aftur gamla búningsklefann óski þær þess nú þegar endurgerð hans er að fullu lokið. Vegna rýsjóttis veðurfars undanfarnar vikur keyrir nú um þverbak og þarf mikið þrek og harðfylgi fyrir eldri konur og skólastúlkur að stunda sund og sundleikfimi í Sundhöll Reykjavíkur í slíku veðurfari. Þetta er lýðheilsumál sem lýtur að einhverju leyti að jafnrétti, þar sem karlar þurfa ekki að þola þetta harðræði. Það er ekki hægt að horfa upp á að konum og stúlkum sé ætlað að gagna langa leið frá klefa út í laug í blautum sundfötum í slæmum veðrum.

Greinargerð

Borgin státar sig af jafnréttisstefnu en fer ekki eftir henni, alla vega ekki í þessu máli. Fulltrúi Flokks fólksins hefur lagt fram fyrirspurnir um málið í byrjun árs 2020 á vettvangi skipulags- og samgönguráðs og mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs. Þá hefur verið óskað eftir skýringum á því hvers vegna konur hafi ekki fengið aðgang að eldri búningsklefum sínum þegar endurbótum var lokið eins og karlar. Hér eru jafnréttissjónarmið fótum troðin. Endurgerð Sundhallarinnar hvað þennan þátt varðar samræmist ekki stefnu borgarinnar í jafnréttis- og aðgengismálum. Það liggja engar haldbærar skýringar fyrir á því hvað hindrar það að konur fái aftur gamla búningsklefann sinn og hlífa þeim við að ganga langar leiðir á blautum sundfötum frá klefa að laug.